

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 15/2026

Reykjavík, 15.09.2026

Málsnúmer: HER-202609-10491

Efni

Heilsa ehf., að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum fæðubótarefnin **Guli miðinn Husk** og **Guli miðinn Colon Cleanser**.

Ástæða innköllunar

Hráefni sem notað var við framleiðslu á vörunum inniheldur aðskotaefnið pyrrolizidine alkalóíða yfir mörkum.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki:	Guli miðinn
Vöruheiti:	Husk
Lotunúmer og best fyrir dagsetningar:	Lota 25/16/11, best fyrir 12.06.2028; lota 25/24/11, best fyrir 09.07.2028; lota 25/35/15, best fyrir 16.9.2028; lota 25/50/17, best fyrir 23.4.2029.
Strikamerki:	5690684004446
Framleiðandi:	Lifeplan
Framleiðsluland:	Bretland

Vörumerki:	Guli miðinn
Vöruheiti:	Colon Cleanser
Lotunúmer og best fyrir dagsetningar:	Lota 25/5/59, best fyrir 23.04.2028; lota 061225, best fyrir 10.09.2028.
Strikamerki:	5690684000868
Framleiðandi:	Lifeplan
Framleiðsluland:	Bretland

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Heilsa ehf., Skarfagarðar 2, 104 Reykjavík.

Dreifing (verslanir)

Austurbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Borgar Apótek, Bæjarapótek, Lyfja, Krónan, Hagkaup, Lyfjaver, Heilsuver, Apótekarinn, Lyfsalinn, Fjarðarkaup, Hlíðarkaup, Kaupfélag Vestur – Húnavetninga, Siglufjarðarapótek, Þín verslun Kassinn, Urðarapótek.

Leiðbeiningar til neytenda

Neytendur sem hafa keypt umræddar vörur eru beðnir um að hætta notkun þeirra og farga en einnig má skila þeim í versluninni þar sem þær voru keyptar eða hjá Heilsu ehf. Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Heilsa ehf. í síma 533 3232 eða í gegnum netfangið [heilsa\[hja\]heilsa.is](mailto:heilsa[hja]heilsa.is).

Mynd(-ir)

